

Leiðbeiningar með sýnatöku

Sýnataka af steini:

Takið stein úr ánni, sem er helst meter frá bakka, reynið að hafa hann „skítugan” og ekki of stóran. Burstið og skolið af honum í fötu eða annað gott ílát (notið bursta og sprautuflösku).

- **Teiknið stærð steinsins á blað**, leggið steininn á autt blað og strikið eftir.
- Skoðið hvað finnst í sýninu. Er einhver hreyfing sjáanleg? Eru einhverjir ormar? Teiknið og lýsið því hvað fannst.
- Hellið sýninu í krukku, lokið krukku og merkið sýnið hópnum og stöðinni.

Leiðbeiningar með sýnatöku

Leðju-sýnataka: Takið upp slý eða leðju af botninum nálægt bakkanum og setjið í krukku. Lokið og merkið krukuna með nafni og stöðinni sem sýnið er tekið á.

Svif-sýnataka: Notið háfinn til að taka svifsýnið. Haldið honum móti straumnum í smátíma eða færið hann fram og til baka ef straumur er mjög líttill, passið að fara ekki í botninn. Hellið svo sýninu í krukku. Lokið krukku og merkið.

Frjáls-sýnataka: Takið sýni af einhverju athyglisverðu og setjið í box eða plastpoka eftir aðstæðum.

Skoðið hvort þið finnið eitthvað kvíkt í gróðrinum á bakkanum, kannski skordýr eða könguló. Það má líka taka sýnishorn af gróðri.

Gott til að plasta!

Mynd af steininum.

Hægt að teikna með túss á plast

Gott til að plasta!